



Geirsgata í ráði er að reisa bílastæðahús.

## Bygging bílastæða- húss samþykkt

Bygging 4.000 fermetra bílastæða-  
húss undir Geirsgötu var samþykkt  
á fundi umhverfis- og skipulags-  
sviðs Reykjavíkurborgar í fyrra-  
dag. Byggingin mun tilheyra lóð nr.  
2 við Austurbakka.

Eins og fram kom í frétt í Morg-  
unblaðinu í gær þarf að útbúa hjá-  
leið norðan Geirsgötu meðan á  
framkvæmdum stendur. Áætlað er  
að þeim ljúki seinni hluta næsta  
sumars.

Reykjavík Development ehf.,  
Lágmúla 7, sækir um að byggja  
húsið. Í samþykkt ráðsins segir að  
utanhúss- og lóðarfrágangi skuli  
vera lokið eigi síðar en innan  
tveggja ára frá útgáfu bygging-  
arleyfis. Þá var áskilið í samþykkt-  
inni að vélknúinn þvottabúnaður  
skyldi vera til staðar á bygging-  
arlóð sem tryggir að vörubílar og  
aðrar þungavinnuvélar verði þríf-  
ar áður en þær yfirgefa bygging-  
arstað. Samráð skal haft við bygg-  
ingarfull- trúna um staðsetningu  
búnaðarins. [sisi@mbl.is](mailto:sisi@mbl.is)

## 18 mánuðir fyrir rangar sakargiftir

Hæstiréttur hefur dæmt konu til 18  
mánaða skilorðsbundins fangelsis  
og gert henni að greiða átta manns  
500 þúsund hverjum í miskabætur  
fyrir að hafa með rangri kærui og  
röngum framburði hjá lögreglu  
leitast til að fólkið yrði sakað um  
kynferðisbrot, líkamsárás, hótanir  
og ólöglegu nauðung. Konan lagði  
fram kærui í febrúar 2012 og  
greindi þar frá því að fólkið hefði í  
samskiptum veist að henni með of-  
beldi og hótad fjölskyldu hennar.  
Með dóminum var dómur Héraðs-  
dóms Reykjavíkur frá því í fyrra  
þingdur og konunni einnig gert að  
greiða 3 milljónir í sakarkostnað.

# Sýndarsjúklingar sem anda og tala notaðir til kennslu

● Líkt eftir raunverulegum aðstæðum ● Bylting í færniþjálfun, segir aðjúnkt

Bergþóra Jónsdóttir  
[bj@mbl.is](mailto:bj@mbl.is)

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Ís-  
lands opnaði í gær 300 fermetra  
færnisetur útbúið fullkomnum  
tækjabúnaði, fjölda hlutherma og  
sýndarsjúklinga auk margvíslegra  
möguleika til gagnvirkar kennslu  
með tölvuskjám, forritun og hljóð-  
kerfi. Þorsteinn Jónsson aðjúnkt við  
Hjúkrunarfræðideild Háskóla Ís-  
lands segir nemendur á heilbrigðis-  
vísindasviði lengi hafa kallað eftir  
því að fá aukna verklega þjálfun.  
Hann hafi einnig gert fjölda kann-  
ana og rannsókna sem sýnt hafa  
fram á mikla þörf á slíkri kennslu.  
Með þessari tæknilegu viðbót taki  
nemendur þá þekkingu sem þeir hafi  
fengið í bókum eða fyrirlesturum og  
setji hana í „puttana sína“. Segir  
Þorsteinn færnisetrið því kærkomna  
viðbót við það sem fyrir er bæði hvað  
varðar kennsluáðstöðu og þekkingu.

### Líkt eftir vinnuumhverfi

Að sögn Þorsteins er um að ræða  
hátæknisýndarsjúklinga sem anda  
og eru með puls og blóðþrýsting. Þá  
tala þeir jafnvel. Líkt er eftir vinnu-  
umhverfi á sjúkrahúsum hvort sem  
er á bráðadeild, skurðstofu eða mót-  
töku.

„Allir sem hafa með heilbrigðis-  
vísindi að gera geta æft og þjálfad  
þekkingu sína og færni í því sem  
snýr að sjúklingum í þessu rými.  
Með þessari nýjung er hægt að æfa  
lífshættuleg og vandmeðfarin tilfelli  
aftur og aftur án þess að skaða  
nokkurn“, segir Þorsteinn.

Hann líkir tækninni við það sem  
gert er í flughermum nema hvað  
þarna sé verið að æfa með dúkkur en  
ekki flugvélar. „Sem dæmi er dúkk-  
an látin fara í hjartastopp og nem-  
endur þurfa að bregðast við. Dúkkur  
er tengd við hátæknitölvu sem nem-  
ur allt það sem gert er, t.d. súrefni-  
isgjöf og lyfjagjöf eða hversu vel  
hnoðad er og hvað eina sem nem-



Morgunblaðið/Eggert

Kennsla Markmiðið með starfsemi Færnisetsins er að nemendur í heilbrigðisvísindum fá kennslu og þjálfun í flestu er snýr að meðferð sjúklinga. Líkt er eftir raunverulegum aðstæðum og viðfangsefni endurtekin eftir þörfum.

### „ERUM KOMIN SKREFINU LENGRA EN NÁGRANNAPJÓÐIRNAR“

## Fullkominn tæknibúnaður

Þorsteinn  
Jónsson

„Við erum að taka það besta úr því sem við höfum séð  
annars staðar og höfum við lagt heimikið í þetta hér á  
landi. Það er mitt mat að við séum komin skrefinu  
lengra en nágrannapjóðir okkar í búnaði á þessu sviði.  
Hægt er að setja inn 3.000 krosstengda möguleika  
sem búa til svörin við því sem nemendur gera, sem  
telst ansi gott. Færnistofan sjálf hefur verið til í fjölda  
ára en í skötulíki miðað við hvernig hún er orðin núna,“  
segir Þorsteinn.

Fyrsti sýndarsjúklingurinn var tekinn í gagnið árið  
2008 en nú eru þeir miklu fullkomnari og bjóða upp á fleiri möguleika.  
Tölvukerfin og leiðbeinendurnir sem hafa verið að kenna kennurum hér á  
landi á búnaðinn koma frá Noregi. Þorsteinn segir að mikið sé horft til  
Danmerkur og Noregs á þessu sviði en Íslendingar hafi grætt á því að  
geta farið á milli og tekið það besta frá öllum.

endur gera til að bjarga viðkomandi  
sjúklingi. Tölvun metur hæfni nem-  
enda auk þess að benda á það sem  
mætti gera betur og svo framvegis,“  
segir Jón.

Á staðnum er öflugt myndavéla-  
kerfi sem spilar bæði í rauntíma þar  
sem nemendahópar rýna í frammi-  
stöðu meðan á kennslu stendur og  
svo geta hópar sem fást við tiltekið  
verkefni skoðað upptökuna eftir á,  
horft á sig í aðstæðum og séð hvað  
vel gekk og hvað þurfi að skoða bet-  
ur. Þrjú hópar geta verið að vinna að  
mismunandi verkefnum í einu því  
þrjú háskerpuskjár eru til staðar.

„Þetta er bylting í færniþjálfun á  
Íslandi, það er ekki hægt að lýsa  
þessu öðruvísi,“ segir Þorsteinn.  
sem segir að allt heilbrigðisvís-  
indasviðið nýti aðstöðuna, lækna-  
r, hjúkrunarfræðingar og sjúkrapjál-  
fara.



## SKREYTINGAKVÖLD BLÓMAVALS

16. og 17. nóvember

SKRÁNING  
ER HAFIN

Skreytingameistarar Blómavals sýna það nýjasta í  
jólaskreytingum og jólaskrauti.

Aðgangur er ókeypis - takmarkað sætaframboð.

Skráðu þig með því að senda tölvupóst á  
[namskeid@blomaval.is](mailto:namskeid@blomaval.is) eða í síma: 525 3000.

Blómaval Skútuvegir  
Miðvikudagurinn 16.nóvember / kl. 19:00-21:00  
Fimmtudagurinn 17.nóvember / kl. 19:00-21:00

Blómaval Akureyri  
Fimmtudagurinn 17.nóvember / kl. 19:00-21:00



blómaval



Morgunblaðið/Sigurður Ægisson

Slökkvibíll Tilraunir til að selja gripinn hafa enn ekki skilað árangri.

## Unimog á Siglufirði settur á uppboðsvef

Á næstunni verður gerð þriðja at-  
rennan að því að selja Benz Unimog,  
bíl sem hefur lengi verið í flota  
slökkviliðs Fjallabyggðar. Bíllinn er  
árgerð 1965 en í mjög góðu ástandi,  
ekinn aðeins 7.102 kílómetra. Er  
meðal annars með dælu sem getur  
sprautað 1.600 lítrum á mínútu.

Slökkvibíllinn góði var auglýstur  
fyrst fyrir þremur árum og þá bær-  
ust þrjú tilboð í gripinn. Fallið var  
hins vegar frá því tilboði sem bæj-  
arráð Fjallabyggðar hugðist taka og  
hið sama gerðist fyrir nokkrum dög-  
um þegar útboðið var endurtekið.  
Nú stendur hins vegar til að taka  
þriðju atrennuna í þessu máli og

auglýsa bílinn á vefsetrinu [bilaupp-  
bod.is](http://bilaupp-<br/>bod.is) og athuga hver viðbrögðin  
verða. Fjöldi bíla má finna á því vef-  
setri, sem margir skoða og leggja  
þannig á ráðin um kaup og sölu öku-  
tækja.

„Við eigum eftir að taka nokkra  
leiki enn í þessu tafla, en bíllinn er að  
minnsta kosti falur. Ég sé helst fyrir  
mér að bíladellukarlar hefðu áhuga á  
gripnum til þess að eiga sem lysti-  
keru og taka svo rúntinn við hátíð-  
leg ýmis hátíðleg eða skemmtilegtil-  
efni,“ sagði Ólafur Þór Ólafsson,  
deildarstjóri fjármála- og stjórnsýslu  
hjá Fjallabyggð, í samtali við  
Morgunblaðið. [sbs@mbl.is](mailto:sbs@mbl.is)